

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

13. apríl 2022

## Efnistaka í Skorholtsnámu Hvalfjarðarsveit Umsögn um umhverfismatskýrslu BM Vallá ehf.

Vísað er í bréfs Skipulagsstofnunar dagsett 1. mars 2022 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um umhverfismatskýrslu ofangreindrar framkvæmdar sem var unnin af Umhverfissráðgjöf Íslands dagsett í september 2021 fyrir BM Vallá ehf. Heilbrigðiseftirlitið veitti umsögn á fyrri stigum í nóvember 2020.

Eftirfarandi eru umsögn heilbrigðiseftirlitsins:

### 1.1. Almennt um framkvæmdina

Fram kemur að BM Vallá áformar að vinna allt að 2,5 milljónum rúmmetra af steinefni í landi Skorholts á næstu 30 – 40 árum og að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé 12,5 ha að stærð en raskað svæði vegna fyrri efnistöku er um 6,2. Alls verður röskun á landi því um 19 ha. Fyrirhuguð framkvæmd Hólaskarðs í Bakkanámu og túni í næsta nágrenni sem heilbrigðiseftirlitið hefur nýlega gefið umsögn um gerir ráð fyrir 1,4 milljón rúmmetra efnistöku og í heild er því ráðgert að alls verði 3,9 milljónir rúmmetra af efni fluttar brott af svæðinu. Æskilegt hefði verið að unnið væri eitt umhverfismat fyrir allt svæðið í stað þess að það sé metið í tvennu lagi.

### 2.2.1 Vinnsluáætlun, áfangskipting og frágangur

Fram kemur að 40-70 cm gróðurlítið jarðvegslag sem er aðallega moldar og leirblandað verð fjarlæggt af yfirborði og selt. Í sama kafla er upplýst að farið verði að leiðbeiningum Vegagerðarinnar um frágangs svæðis. Heilbrigðiseftirlitið telur að þetta verklag sé óásættanlegt og ekki í samræmi við fyrrnefndar leiðbeiningar. Stofnunin bendi á fyrri umsögn á að þetta jarðvegslag getur innihaldið fræbanka staðargróðurs sem er hjálplegt við endurheimt á síðari stigum við frágang svæða. Á sama tíma verður mjög erfitt að ganga frá svæðinu í áföngum þar sem unnið er inn í allt svæðið í einu eins og sýnt er á mynd 3. og mætti skoða hvort ekki ætti heldur að vinna það inn á fullu á einum stað í geirum og ganga svo frá því svæði með varanlegum hætti til að minnka umhverfisáhrif. Frágangur í áföngum er í samræmi við Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar sem fjallað í umhverfismatskýrslunni á bls. 20.

### 2.2.2 Mannafli, tækjabúnaður og starfsmannaaðstaða.

Fram kemur að tvær díselrafstöðvar eru á svæðinu og tæki sem eru drifin áfram af olíu. Þrjú olútankar eru á svæðinu og segir að frágangur sé í samræmi við skilyrði reglugerða um árekstrarvarnir og lekavarnir. Af mynd 4 að dæma þó eru engar lekavarnir við tankinn og árekstrarvarnir rýrar. Þar sem um starfsemi til lengri tíma er að ræða þarf stærri olútankurinn og áfyllingarplan við hann að vera staðsett á steypu yfirborði með niðurfalli sem tengt er olúglidru. Árekstrarvarnir þurfa að vera það öflugar að tankurinn verði ekki fyrir hnjaski ef á hann er ekið.

Fram kemur að neysluvatnslögn liggja að starfsmannaaðstöðu en ekki er ljóst hvaðan vatnið kemur. Í fyrri skýrslu kom fram að neysluvatn sé flutt frá Akranesi og dælt í 1000 lítra tank. Minnt var á að strangar kröfur gilda um gæði neysluvatns með vísan til reglugerðar um neysluvatn. Aukin áhætta er að vatn spillist ef það er geymt lengi í tönkum. Fram kom í umsögn heilbrigðiseftirlits að æskilegra væri

að leiða vatnslögn að svæðinu úr næsta vatnsbóli þó ekki sé útilokað að það geti gengið að geyma vatn í tanki. Ef búið er að tengja svæðið við vatnsveitu þarf það að koma fram um upplýsa um staðsetningu hennar.

### 2.2.3 Umferð, flutningsleiðir og aðkoma

Í fyrri umsögn heilbrigðiseftirlits kom fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé í um kílómetra fjarlægð frá Vesturlandsvegi. Æskilegt að væri að vegkaflinn frá Vesturlandsvegi og að námu sé klæddur bundnu slitlagi til að minnka rykmyndun þegar stórir vörubílar framkvæmdaaðila fara um veginn. Ekki er þó vitað á hvers forræði það væri. Þá er jafnframt mælt með því að sem mótvægisáðgerð væru dekkjaþvottavélar við inn og útaksturleiðir framkvæmdasvæðisins. Þekkt er að efni berst inn á Vesturlandsveg úr námum bæði fíngert efni og mól sem getur valdið slyshættu og óþrifum. Í skýrslunni nú er þess aðeins getið að framkvæmdaaðili muni rykbinda aðkomuveg og er þá ekki alveg ljóst hversu langan vegspotta er verið að tala um. Að mati heilbrigðiseftirlitsins er þetta því ekki nægjanlegt ráðstöfun. Þá hlýtur að þurfa að skoða skipulag í tengslum við það þegar fullfermdir vörubílar keyra inn á Vesturlandsveg hvort ekki þurfi að vera aðrein inn á veginn til að minka slyshættu.

### 3.4 Leyfi sem framkvæmdin er háð.

Þess ber að geta í upphafi að BM Vallá hefur ekki sótt um starfsleyfi fyrir Skorholtsnámu til heilbrigðiseftirlits og slíkt leyfi hefur því ekki verið gefið út. Skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnaeftirlit er því um óleyfisframkvæmd að ræða. Þessu hefur líklegast ekki verið fylgt eftir af hálfu heilbrigðiseftirlits vegna manneklu.

Ekki virðist hafa skilað sér upplýsingar sem heilbrigðiseftirlitið gaf á fyrri stigum um að neyslutankar fyrir olíu rekstraraðila eru starfsleyfisskyldir skv. 41. grein reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

### 2.3.2 Efnisvinnsla og tækjabúnaður

Í fyrri skýrslu var þess getið að unnið yrði niður á 18 metra en nú 19 metra. Það þarf að vera skýrt að starfseminni sé markaður rammi í allar áttir. Áætlun þarf að liggja fyrir um frágang sem segir þá til um hæðarkóta og halla sem og fall- og slysavarnir bæði meðan á rekstri stendur og eftir að námunni er lokað.

### 5.3.4 Lýsing áhrifaþátta / 5.4.4.Sandfok

Fram kemur að framkvæmdasvæðið er ekki í nágrenni íbúðabyggðar þannig að bílaumferð eða ryk hefur enginn áhrif á byggð. Þetta er mjög sérstök fullyrðing þar sem Bakki og Skorholt standa í næsta nágrenni. Ef vindrós er skoðuð og þessi tvö framkvæmdasvæði þá er mjög líklegt að ryks og sandfoks gæti frá Skorholtsnámu á Bakka og reyndar er mynd í skýrslu Hólabrúar sem sýnir að sandfoks gætir á Bakka.

Fram kemur að fok úr Skorholtsnámu hafi hingað til ekki verið vandamál, ágætt væri að Skipulagsstofnun aflaði staðfestingar íbúa á Bakka og Skorholti fyrir þessu þar sem það er oft erfiðara við að eiga ef fáir verða fyrir neikvæðum áhrifum að starfsemi þar sem það er minni þrýstihópur á úrbætur. Svo er að sjá að svæðið á Bakka verði fyrir hvað mestum áhrifum af námavinnslu á svæðinu og óvíst hvort mótvægisáðgerðir eru nægjanlegar til að þessi áhrif þar verði ásættanleg fyrir þá íbúa sem þar búa á hverjum tíma og miðað við þau gögn sem liggja fyrir.

### 5.3.5 Mótvægisáðgerðir

Í viðbragðsáætlun vegna olíumengunar ætti að koma fram að þegar búið er að fjarlægja olíumengaðan jarðveg þarf að farga honum með lögbundnum hætti á urðunarstað sem hefur til þess starfsleyfi. Kalla þarf heilbrigðiseftirlitið til sem hefur það hlutverk að meta hvenær eru búið að hreinsa nóg.

Geta mætti heimildar um gróðurrannsóknir. Ef kortasjá hefur verið notuð ein og sér til að meta gróður er jafnframt æskilegt að svæðið sé skoðað m.t.t gróðurs af fagmanni. Sömuleiðis ætti að meta landslag með vísindalegum hætti engar heimildir eru um það.

#### **7. Niðurstöður**

Heilbrigðiseftirlitið telur að matsþættir sem lagt er mat á ættu að vera fleiri í samræmi við þær athugasemdir sem gerðar hafa verið hér að ofan, þá keyrir öll framkvæmdin á olíu og því eðlilegt að fjallað sé um áhrif á loftslag og að kolefnisspor framkvæmdarinnar sé reiknað. Umferð er metin sem umhverfismatsþáttur en er í raun það sem hefur áhrif á umhverfið.

#### **Lokaorð**

Fram kemur að aðeins litill hluti efnis yrði nýttur á staðnum eða um 20% en annað efni yrði flutt til Reykjavíkur. Það er margt sem mælir með því að leitað verði að hentugu námusvæði nær höfuðborgarsvæðinu og ætti að vera fjallað um aðra kosti í því sambandi ef horft er til mengunar vegna flutninga og mögulega slyshættu á framkvæmdatímanum.

Heilbrigðiseftirlitið telur að skoða megi möguleika á því að flytja jarðveg inn á svæðið til að minka dýpi námunnar að framkvæmd lokinni og reka þar jarðvegstípp samhliða námurekstri.

Virðingarfyllt,



Þorsteinn Narfason  
framkvæmdastjóri.

**Skipulagsstofnun**

[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

[thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)

Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit  
Innrimel 3  
301 Akranes

Sími 433 8500

Kt. 630606-1950

13. apríl 2022

2011019

**Umsagnarbeiðni vegna efnistöku í landi Skorholts í Hvalfjarðarsveit.**

Á 157. fundi umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefndar Hvalfjarðarsveitar þann **6.4.2022** var gerð eftirfarandi bókun:

Erindi frá Skipulagsstofnun.

BM Vallá ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar, umhverfismatsskýrslu um efnistöku úr Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit.

Meðfylgjandi erindinu er umhverfismatsskýrsla ofangreindrar framkvæmdar.

Skipulagsstofnun fer fram á að Hvalfjarðarsveit gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætla.

Í umsögn umsagnaraðila skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Umsögn óskast send Skipulagsstofnun í síðasta lagi 12. apríl 2022.

Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd gerir ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrslu um efnistöku úr Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit, en áréttar eftirtalin atriði:

- Mikilvægt er að huga vel að umgengni á rekstrartíma, sér í lagi þar sem framkvæmdatíminn er langur og lokafrágangur ekki fyrirhugaður fyrr en í lok vinnslutímans. Sérstaklega þarf að huga að ásýnd (landslag og sjónrænir þættir), foki og umferð. Einnig þarf að tryggja að umgengni um framkvæmdasvæðið sé ávallt til fyrirmyndar.

- Mikilvægt er að viðhalda samráði við landeigendur, sveitarfélagið og eftir atvikum aðra hagsmunaaðila, þar sem fyrirhugaður framkvæmdatími er 30-40 ár. Gott samstarf þarf að ríkja um vinnsluna allan vinnslutímann.

- Frágangur. Gert er ráð fyrir því að frágangi verði þannig hátt að raskað svæði falli sem best að umhverfi sínu. Hér er um gríðarlegt efnismagn að ræða og aðeins hægt að ganga frá hverjum hluta námunnar að litlu leyti, þar til í lok framkvæmdatíma. Tryggja þarf að frágangi svæðisins verði þannig hátt að svæðið komi til með að líkjast sem mest þeim landformum sem umhverfis það eru.

Frágangssáætlun þarf einnig að taka mið af landnotkun í framtíðinni og óskum landeiganda. Afar brýnt er að ganga frá svæðinu jafn óðum að svo miklu leyti sem hægt er.

- Í tillögu að nýju aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar er gert ráð fyrir efnistöku í landi Skorholts, enda hefur verið unnið í námunni síðan 1954.

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

1. Framkvæmdaleyfi, útgefið af Hvalfjarðarsveit, veitt á grundvelli staðfests aðalskipulags og niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum.
2. Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

Á 349. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var **12.4.2022** var tekið fyrir mál

**Erindi frá Skipulagsstofnun.**

*BM Vallá ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar, umhverfismatsskýrslu um efnistöku úr Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit.*

*Meðfylgjandi erindinu er umhverfismatsskýrsla ofangreindrar framkvæmdar.*

*Skipulagsstofnun fer fram á að Hvalfjarðarsveit gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.*

*Í umsögn umsagnaraðila skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.*

*Umsögn óskast send Skipulagsstofnun í síðasta lagi 12. apríl 2022.*

**Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:**

*"Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og tekur undir öll þau atriði sem þar koma fram."*

**Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.**

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Jökull Helgason  
Starfsmaður skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar  
[skipulag@hvalfjardarsveit.is](mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is)

Skipulagsstofnun  
b.t. Þórdísar Stellu Erlingsdóttir  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. apríl 2022  
Málsnúmer: 202203-0001  
SS

**Efni: Umsögn um umhverfismatskýrslu um efnistöku úr Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit.**

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 1. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um efnistöku úr Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. BM Vallá ehf áformar að vinna allt að 2,5 milljónum m<sup>3</sup> af steinefni í landi Skorholts á næstu 30-40 árum. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er um 12,5 ha að stærð en raskað svæði vegna fyrri efnistöku er um 6,5 ha. Samtals verður röskun á landi því um 19 ha

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsáætlun vegna efnistökkunnar úr Skorholtsnámu þann 10. júní 2021. Sú umsögn fjallaði einnig um tillögu matsáætlunar vegna efnistöku úr Bakkanámu en námurnar eru staðsettar hlið við hlið. Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um umhverfismatskýrslu efnistöku úr Bakkanámu þann 1. mars 2022. Vísað er í þessar umsagnir eins og við á.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér innihald umhverfismatskýrslunnar og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Í umsögn um matsáætlun var bent á að námurnar séu úr fornri óseyri frá síðjökultíma sem er hluti af mun stærri jarðfræðilegri heild sem má rekja í Melasveit og í Borgarfirði. Þó nokkrar rannsóknir og vísindagreinar hafa verið ritaðar um jöklaumhverfi Skorholtsmela og nágrennis í lok síðasta jökulskeiðs út frá setmyndunum sem þar finnast. Jökulgarðurinn í Skorholtsmelum sýnir hámarksútbreiðslu jökulsins úr Borgarfirði fyrir um 12.800 árum og að á þeim tíma hafi sjávarstaða verið í 52 m hæð yfir núverandi sjávarborð. Jökulgarðurinn í Skorholtsmelum liggur norðan við námusvæðið en hann er einn best varðveitti jökulgarður landsins frá þessum tíma. Svæðið hefur því mikið vísindalegt gildi og benti Náttúrufræðistofnun á að við frágang á Skorholtsnámu væri full ástæða til að vernda jarðlagasnið þannig að hægt sé skoða innri gerð óseyrarmyndunarinnar. Tilefni er til að áréttta þá ábendingu.

Náttúrufræðistofnun getur ekki tekið undir þá niðurstöðu sem tilgreind er í samantekt á bls. 3 að jarðmyndunin hafi ekki sérstakt gildi þó engin vernd sé til staðar, og vísar í umfjöllun síðustu efnisgreinar þar sem vísindalegt gildi hennar er útskýrt. Svæðið er þó mikið raskað og getur Náttúrufræðistofnun því tekið undir þá niðurstöðu að áhrif á jarðmyndanir séu óveruleg/neikvæð, þó nær því að vera talsvert neikvæð en óveruleg ef horft er til þess að áhrifin eru óafturkræf. Stofnunin tekur undir að heildaráhrif framkvæmdarinnar séu óveruleg þar sem áhrif á aðra umhverfispætti eru hverfandi, að sýnileiki efnistökkunnar frá Vesturlandsvegi sé lítil þrátt fyrir töluverða stækkun námunnar og að jákvætt er að verið sé



að stækka námur sem þegar eru í notkun frekar en að fjölga námum. Mikilvægt er að frágangur leiði til þess að ásýndaráhrif séu áfram lítil.

Góð umfjöllun er um samlegðaráhrif við efnistökusvæðið í Bakkanámu, vestan við Skorholtsnámu þar sem fyrirhuguð er stækkun efnistökusvæðis í austur og stefnt að því að vinna allt að 1,4 milljón rúmmetra af efni á um 11 ha efnistökusvæði. Mikilvægt er að áfram sé hugað að samlegðaráhrifum frá starfsemi efnistökusvæðanna t.d. þegar kemur að frágangi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar  
Náttúrufræðistofnun Íslands





Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Reykjavík 11. apríl 2022  
MÍ202204-0060/ 6.07 / K.M.

## Efni: Efnistaka úr Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 1. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Í umhverfismatsskýrslu segir að efnistaka hafi verið stunduð í Skorholtsnámu allt frá árinu 1954 og að fyrirhuguð framkvæmd sé framhald af þeirri vinnslu. Áætlað er að búið sé að taka efni á um 6,5 ha svæði. Fyrirhuguð framkvæmd miðar að því að unnið verið á 12,5 ha svæði til viðbótar.

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.4.1 í umhverfismatsskýrslu. Eins og þar kemur fram veitti Minjastofnun Íslands umsögn um tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar. Þar kom fram að ekki væri gerð krafa um að fornleifar yrðu skráðar í tengslum við umhverfismat fyrirhugaðrar efnistöku.

Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 2003, *Fornleifaskráning í Leirár- og Melasveit*. Þar er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum á jörðinni Skorholti. Engar fornleifar voru skráðar innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis. Minjavörður Vesturlands skoðaði svæðið á sínum tíma vegna fyrirhugaðrar efnistöku þar. Engar vísendingar fundust um fornleifar á svæðinu.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst.  
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Þórdís Stella Erlingsdóttir ([thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2022  
UST202203-011/B.S.  
10.05.01

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka – Skorholtsnáma. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Fyrirhugað er að vinna allt að 2,5 milljónum m<sup>3</sup> af steinefnum í námunni á næstu 30-40 árum. Efnistaka hefur farið fram á þessum stað frá 1954 og í sömu jarðmyndun er önnur náma, Bakkanáma þar sem gert er ráð fyrir 1,4 milljón m<sup>3</sup> efnistöku. Gerð er grein fyrir samlegðaráhrifum í matsskýrslunni.

Hér er um að ræða efnistöku í setmyndun sem ekki telst til jarðmyndana sem njóta sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun tekur undir þau sjónarmið að betra sé að hafa námur stærri og færri og með þeim hætti draga úr umhverfisáhrifum. Hér er um að ræða efnistöku sem standa mun yfir í nokkra áratugi. Gerð er grein fyrir framvindu efnistökkunnar, áfangaskiptingu og loka frágangi svæðisins.

Umhverfisstofnun tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð að þrátt fyrir að tekið verður mikið magn jarðefna úr námunni þá séu umhverfisáhrif efnistökkunnar ekki mikil. Einnig ber að hafa í huga að efnistaka hefur farið fram á þessum stað um langa hríð þannig að umhverfisáhrif eru að hluta fram komin og auðséð hvaða áhrif fylgja áframhaldandi efnistöku.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir umhverfismatsskýrsluna.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Axel Benediktsson,  
*sérfræðingur*

**Skipulagsstofnun**

BT. Þórdís Stella  
Borgartúni 7b,  
105 Reykjavík

**Efni: Efnistaka í landi Skorholts í Hvalfjarðarsveit**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar vegna umhverfisskýrslu um efnistöku úr Skorholtsnámu í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um mat á framkvæmda og áætlana.

*„Framkvæmdin felur í sér efnistöku á um 2,5 milljónum m<sup>3</sup> af malarefni á næstu 30-40 árum. Efnistaka hefur verið stunduð í Skorholtsnámu allt frá árinu 1954 og er fyrirhuguð framkvæmd framhald af þeirri vinnslu. Áætlað er að búið sé að taka um 455 þúsund m<sup>3</sup> af steinefni vegna fyrri vinnslu á um 6,5 ha svæði. Dýpt núverandi gryfju er um 18 metrar. Gert er ráð fyrir að starfsemin verði sambærileg því sem hún hefur verið undanfarin ár. Fyrirhuguð framkvæmd miðar að því að unnið verði á 12,5 ha svæði og því verði raskað svæði í heild um 19 ha að stærð.“*

Vegagerðin hefur kynnt sér umhverfisskýrslu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar og telur að sú viðbót sem hér sé til umfjöllunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift

SIGURÐUR FRIÐGEIR

-----  
Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is